

# FUNDARGERÐ

## 606. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 17. september, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, , Drífa Bjarnadóttir, Þorgerður Hlín Gísladóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 5 Fundargerð menningarmálanefndar frá 24. ágúst 2020.

II – 5 Umsókn um styrk frá æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu.

II – 6 Beiðni um stuðning við tónlistarnám í Tónlistarskóla Rangæinga.

III – 7 Lán til Hjallatúns.

V – Athugasemdir frá Þóri N. Kjartanssyni vegna stjórnunar- og verndaráætlunar Dyrhólaeyjar 2020-2029.

*Afbrigðin samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

### 2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 284. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 14. september 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

#### 2.1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi.

Nefndin lagði til þá breytingu að svæðið milli Austurvegar og Strandvegar yrði skilgreint sem íbúðasvæði. Samþykkt að setja tillöguna í kynningarferli og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

#### 2.2. Péturshólar – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti að senda tillöguna til auglýsingar og að óskað verði eftir umsögnum viðeigandi stofnana.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*



2.3. Litla-Heiði – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin samþykkti veitingu byggingarleyfis með þeim fyrirvara að framkvæmdir verði a.m.k. 100m frá árbakka. Sé fjarlægðin innan þeirra marka er óskað eftir umsögn um málið frá Fiskistofu.

*Í ljósi þess að umsögn hefur borist frá Fiskistofu þar sem engar athugasemdir eru gerðar við framkvæmdina samþykkir sveitarstjórn veitingu byggingarleyfis.*

2.4. Sólheimajökull – Skilti.

Nefndin samþykkti umsókn um byggingarleyfi frá Maríu Björk Gunnarsdóttur f.h. Jóns Stefánssonar við Hvolsskóla fyrir uppsetningu fræðsluskiltis við jökulsporð Sólheimajökuls.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.5. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti að senda tillöguna til auglýsingar og að óskað verði eftir umsögnum frá viðeigandi stofnunum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.6. Brekkur 3 – umsókn um leyfi til niðurrifs.

Nefndin samþykkti umsókn um niðurrif vélageymslu mhl. 18 við Brekkur 3 frá Marvin Ívarssyni.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

**3. Fundargerð fræðslunefndar.**

Lögð fram til kynningar fundargerð 253. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps frá 8. september 2020.

**4. Fundargerð æskulýðs- og tómsbundanefndar.**

Lögð fram fundargerð æskulýðs- og tómsbundanefndar frá 8. september 2020.

Eftirfarandi er til staðfestingar í sveitarstjórn:

4.1. Umsóknir um starf forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Oz.

Nefndin var sammála um að Sunna Wium væri hæfasti umsækjandinn að teknu tilliti til menntunar og reynslu í starfi.

*Sveitarstjórn samþykkir að Sunna Wium verði ráðin sem forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamning.*

**5. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns.**

Lögð fram fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns frá 25. ágúst 2020.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

5.1. Vinnustaðasálfræðingur

Fulltrúi starfsmanna lagði til við rekstrarnefnd að fenginn yrði vinnustaðasálfræðingur til að gera úttekt á Hjallatúni.

*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að unnin verði slík úttekt og felur sveitarstjóra framgang málsins.*

#### 5.2. Ársreikningur Hjalltúns 2019.

*Afgreiðslu ársreiknings Hjalltúns fyrir árið 2019 er frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.*

#### 6. Fundargerð menningarmálanefndar.

Lögð fram til kynningar fundargerð menningarmálanefndar frá 25. ágúst 2020.

#### 7. Undanþága frá fjallskilagjaldi.

Lögð fram beiðni um undanþágu frá fjallskilagjaldi vegna fjárfjölda í afgirtum heimahögum frá Einari Einarssyni og Sigurbjörgu Gyðu Tracey ábúendum á Völlum.

*Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.*

#### 8. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.*

#### 9. Styrkbeiðnir.

Lagðar fram eftirfarandi styrkbeiðnir:

##### 9.1. Frá Hestamannafélaginu Sindra.

Sótt var um styrk að upphæð 900.000 kr. vegna starfsemi félagsins árið 2020.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra að óska eftir nánari skýringum á upphæð umbeðins styrks.*

##### 9.2. Frá aðstandendum Mýrdalshlaupsins.

Sótt var um styrk að upphæð 100.000 kr. vegna tapreksturs sem stefnir í vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins á viðburðinn.

*Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.*

##### 9.3. Frá æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu.

Sótt var um styrk vegna æskulýðsstarfs á vegum nefndarinnar sem m.a. hefur staðið fyrir mótshaldi fyrir fermingarbörn.

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja nefndina um 40.000 kr.*

#### 10. Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps.

Lögð fram til staðfestingar drög að endurskoðaðri jafnlaunastefnu Mýrdalshrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir drögin og mælist til að stefnan verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins.*

## 11. Lánasamningur.

Lögð fram til staðfestingar drög að lánasamning milli Mýrdalshrepps og Láнасjóðs sveitarfélaga. Upphæð lánsins eru 20.000.000 kr. með lánstíma til 14 ára og er lánið tekið til fjármögnunar gatnagerðar.

*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Láнасjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 20.000.000, með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórn hefur kynnt sér.*

*Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar á láninu (höfuðstól auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.*

*Er lánið tekið til fjármögnunar gatnagerðar í Vík sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Láнасjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra Mýrdalshrepps kt. 010263-4339, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mýrdalshrepps að undirrita lánasamning við Láнасjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

## 12. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra.

Tekin fyrir drög að endurskoðuðum ráðningarsamningi við Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra Mýrdalshrepps.

*Sveitarstjórn staðfestir drögin og felur oddvita og varaoddvita undirritun fyrir hönd sveitarstjórnar.*

## 13. Rekstraryfirlit Mýrdalshrepps.

Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit Mýrdalshrepps fyrir janúar – ágúst 2020.

## 14. Áskorun til dómsmálaráðherra.

Lögð fram tillaga að áskorun til dómsmálaráðherra um byggingu lögreglustöðvar í Vík.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra og oddvita að óska eftir fundi með dómsmálaráðherra til að vinna að framgangi málsins.*

## 15. Opnunartími leikskóla.

Lögð fram tillaga frá PRÚ um að sumarfrí leikskólans Mánalands verði stytta úr 5 vikum í 4 vikur og að gefinn verði möguleiki á að börn taki sumarleyfi utan háannatíma ferðapjónustunnar í júlí.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í fræðslunefnd og óskar jafnframt eftir umsögn leikskólalastjóra við tillöguna.*

## 16. Lán til Hjallatúns.

Lögð fram tillaga að Mýrdalshreppur láni hjúkrunarheimilinu Hjallatúni 2.000.000 kr. svo heimilið geti staðið undir skuldbindingum.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

## 17. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

- 17.1. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 28. ágúst 2020.
- 17.2. Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 19. ágúst 2020.
- 17.3. Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 26. ágúst 2020.
- 17.4. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 20. ágúst 2020.
- 17.5. Fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 27. ágúst 2020.
- 17.6. Fundargerð Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 25. ágúst 2020.
- 17.7. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 18. ágúst 2020.
- 17.8. Fundargerð byggðasamlagsins Hulu, haldinn 18. ágúst 2020.
- 17.9. Fundargerð aðalfundar byggðasamlagsins Hulu, haldinn 18. ágúst 2020.
- 17.10. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf., haldinn 26. ágúst 2020.
- 17.11. Fundargerð fundar um svæðisskipulag Suðrhálendis, haldinn 30. júní 2020.
- 17.12. Fundargerð fundar um svæðisskipulag Suðrhálendis, haldinn 1. september 2020.

## 18. Kynningarefni.

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:


- 18.1. Skýrsla; Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu, unnin af SASS.
- 18.2. Kynning á verkefninu Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.
- 18.3. Athugasemdir frá Þóri N. Kjartanssyni vegna stjórnunar- og verndaráætlunar Dyrhólaeyjar 2020-2029.

PT  
B  
EKK  
PRU

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:30




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Þorgerður Hlín Gísladóttir



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir